


Menning

Menning

Menning

Menning



Gunnar í 100 ár

Það er til síðs að minnst merkra manna þegar þeir eiga stórafmæli, lífs eða líðni. Oft er slíkt umstang tildrif eitt og hégóminn, venjan þó góð því hún minnir okkur á að fortíðin er oft nútímalegri en samtíðin. Eftir örfá ár á maður sem lengi hefur verið góðvinur bókelkra Íslendinga aldarafmæli sem vert er að huga að í tíma. Sá er Gunnar Gunnarsson frá Fljótsdal og fór til Danmerkur fyrir margt löngu en kom aftur frægur um margar jarðir. Gunnar þessi var í meira lagi gott skáld þó að pólitískar moldvörpur kæmu ekki auga á það á sínum tíma, blindar sem þær jafnan eru. Smám saman hafa þó æ fleiri sannfærst um að Gunnar er einn okkar alsnjöllustu rithöfunda. Hlutur hans í þróun íslenskra nútímabókmennta er þó stærri en margir gera sér í hugarlund. Hann reit Fjallkirkju sem jafnast á við sjálfsvísu Gorkís, sálfræðilega rómána í anda Dostóevskís, sögulegar skáldsögur o.fl. Hann vakti og nýja tíma í íslenskrum sagnagerð með verkum eins og Sælir eru einfaldir, Víki-

vaka, Brimhendu og Adventu. Þar fór hann leiðir sem modernistar héldu síðar, beitti táknrænu raunsæi, fjarstæðutækni, samfléttun, fantasíu og veruleika, expressjónskum stíl. Við lestur þessara sagna verður ljóst að Gunnar er stærra nafn í formbyltingu skáldsagna á þessari öld en ætla mátti.

Gunnar er og einn af mestu hugsuðum í hópi íslenskra rithöfunda, skrifaði um grundvallarspurningar mannkynsins „sem alls staðar eru þær sömu“. Framan af fjallaði hann á opinskáan hátt um lífsháskann og hlutskipti manna í nútímaveröld, var að því leyti á undan íslenskrum samtíð sem blöskraði. Síðar meir mótaði hann í verkum sínum heimspæki sem var á margan hátt frumleg en um leið hefðbundin og einkar íslensk, túlkar þar norrænan hugmyndaarf á sjálfstæðan hátt og lagar hann að nútímanum í ljósi eigin lífsreynslu. Hugmyndir hans ennþá tímabærar sem meðal annars má sjá af því að afstaðan til náttúr-

unnar er sú sama og hjá umhverfisverndarmönnum nú á tímum

Því minnst ég á þetta hér að eftir fjögur ár, 1989, er aldarafmæli Gunnars og ástæða til að minnst þess með viðeigandi hætti. Hvernig væri til dæmis að undirbúa nýja útgáfu á þeim skáldsögum sem Gunnari sjálfum auðnaðist ekki að þýða: Strönd lífsins, Grámanni, Fóstbræðrum og Hvítakristi? Þessar sögur komu að visu út í þýðingum á sínum tíma en þær ná alls ekki stílkynngi og sérkennum höfundarins og eru um sumt meingallaðar. Á seinustu árum hafa komið út fjölmargar ágætar þýðingar á erlendum bókmenntaverkum. Slíkt ber að þakka en er ekki ástæða til að þýða meistara- verk sem enn hafa ekki komist sæmlega til skila, meistara- verk sem eru mikilsverður hluti af okkar eigin bókmenntaarfi? Við eigum margt mjög góðra þýðenda sem vafalaust gætu unnið slíkt verk af list og trúnaði við Gunnar Gunnarsson.

MVS.

Bókmenntir

Matthías Viðar
Sæmundsson

Steinrunnar draumsýnir

— sýning Arnar Inga að Kjarvalsstöðum

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Hjáróma hljómar

Við getum allténda gengið út frá því að Örn Ingi sé ekki að velta fyrir sér formrænum eiginleikum þeirra hluta sem hann setur saman, eins og venju- legir myndhöggvarar gera, heldur teflir hann saman inntaki þeirra. Í flestum tilfellum er hann með svo ólíka hluti í takinu að hjáróma hljómar heyrast er þeir mætast. En öfugt við marga frumherja súrrealismans lætur listamaðurinn sér ekki nægja að koma áhorfandanum í opna skjöldu, hræða hann eða erta — enda er slík erting ekki til langframa — heldur virðast þeir hlutir sem hann ráðstafar vera hlutar af líkingamáli um tilveruna eins og nafn sýningarinnar ber með sér („Sviðsmyndir í tilveru lífs og dauða“).

Þar stendur Örn Ingi frammi fyrir sama vanda og margir aðrir tákn- hneigðir listamenn að áhorfandanum vantar einhvers konar Rósettu-stein til að ráða táknin. Nema auðvitað þar sem merkingin er augljós, — eins og í „Verndaranum“. En augljós tákn fara heldur illa með myndverk.

Án leiðsagnar

Af þessu spjalli mátti ætla að ekki mátti njóta sýningar Arnar Inga án leiðsagnar. Svo er ekki. Með því að láta hugsanlegan boðskap verka hans lönd og leið og skoða þau sem margræðan skáldskap um allt mögulegt má hafa af þeim talsverða ánægju. Notkun hans á alls kyns uppstoppuðum kykvendum, fuglum, löddýrum, músum o.s.frv. hefur undarlegan áhrifamátt sem ekki lætur mann í friði.

AI

SMÁAUGLÝSINGAR DV MARKAÐSTORG TÆKIFÆRANNA

Þú átt kost á að kaupa og selja allt sem gengur kaupum og solum. Bara að nefna það í smáauglýsingum DV, hinu ótrúlega markaðstorgi tækifæranna.

Markaðstorgið teygir sig víða. Það er sunnanlands sem norðan, vestan sem austan, í bátum sem flugvélum, snjóbílum sem fólksbílum, hvarvetna er DV lesið.

Einkamál. Já, það er margt í gangi á markaðstorginu, en um hvað er samið er auðvitað einkamál hvers og eins.

Sumir borga með fínpressuðum seðlum. Menn nýkomnir úr banka? Þarf alls ekki að vera. Gætu hafa keypt straubretti á markaðstorginu daginn áður.

Smáauglýsingar DV eru markaður með mikinn mátt. Þar er allt sneisafullt af tækifærum. Það er bara að grípa þau.



Þú hringir... **270 22** Við birtum... Það ber árangur!

Smáauglýsingadeildin er í Þverholti 11.

Opið:
Mánudaga-föstudaga, 9.00–22.00
laugardaga, 9.00–14.00
sunnudaga, 18.00–22.00



ER SMÁAUGLÝSINGABLAÐIÐ



Nauðungaruppboð

sem auglýst var í 137. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1983 og í öðru og fimmta tölublaði þess 1984 á húseigninni Brúnagerði 1, Húsavík, þingl. eign Árna Loga Sigurbjörnssonar, fer fram eftir kröfu Róberts Hreiðars Arnasonar hdl., Jóns Ingólfssonar hdl. og fl. á eigninni sjálfri miðvikudaginn 26. júní 1985 kl. 14. Bæjarfógetingur á Húsavík.